

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1100

Dagsetning: 10. febrúar 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÖE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 3. febrúar 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Aðsend erindi

Rætt var um aðsend erindi sem borist hafa stofnuninni. Heilbrigðisráðuneytið óskaði eftir því að HH tilnefndi fulltrúa í spretthóp um ábyrgð og hlutverk þjónustuaðila þegar kemur að endurhæfingu. Ákveðið var að tilnefna leiðtoga félagsráðgjafa hjá HH ásamt fulltrúa geðheilbrigðisþjónustunnar í hópinn. Ráðuneytið óskaði einnig eftir upplýsingum um þjónustu HH í fangelsinu á Hólmsheiði og er verið að vinna að svari. Þá barst erindi frá Landspítala um samstarf tengt bráðamóttöku spítalans. Málið verður rætt á næsta samráðsfundi með fulltrúum spítalans.

4. Umbætur í heilsugæslu

Farið var yfir umræður á fundi í heilbrigðisráðuneytinu um umbótaverkefni í heilsugæslu á landsvísu og næstu skref HH tengt þeirri vinnu.

5. Skipurit HH

Rætt var um vinnu við frágang á nýju skipuriti HH og næstu skref í þeirri vinnu.

6. Færni- og heilsumatsnefnd

Umræður um álag á síma og móttöku á skrifstofu HH vegna umsókna til Færni- og heilsumatsnefndar og fyrirspurna tengt starfsemi nefndarinnar.

7. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Upplýst var um tilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu um aukið fjármagn til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands tengt flutningi miðstöðvarinnar til HH.

8. Bílastæði við Heilsugæsluna Efra-Breiðholti

Rætt var um samning HH við Parka um gjaldtöku á bílastæðum við Heilsugæsluna Efra-Breiðholti. Ekki er innheimt gjald af þeim sem sækja þjónustu á stöðina eða starfsfólki.

9. Páskaegg

Farið var yfir tilboð í páskaegg fyrir starfsfólk og tekin ákvörðun um hvaða fyrirtæki verður skipt við þetta árið.

10. Uppgjör heilsugæslustöðva

Farið var yfir uppgjör heilsugæslustöðva HH fyrir árið 2025 og rætt um hvernig uppgjórið verður kynnt fyrir stjórnendum og hvernig unnið verður út frá því á yfirstandandi ári.

11. Sjálfsvígsforvarnir

Rætt var um samstarf við Lífsbrú hjá embætti landlæknis um sjálfsvígsforvarnir í fyrstu línu þjónustu hjá HH. Ákveðið var að bjóða upp á fund með fulltrúum úr framkvæmdastjórn til að ræða um samstarfið.

Aðgerðir og verkefni

- Tilnefna þarf fulltrúa í spretthóp, sjá lið 3.
Ábyrgð: IDG
- Ræða þarf starfsemi Færni- og heilsumatsnefndar á fundi með heilbrigðisráðherra, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM
- Ganga þarf frá kaupum á páskaeggjum fyrir starfsfólk HH, sjá lið 9.
Ábyrgð: KBM
- Kynna þarf uppgjör heilsugæslustöðva fyrir stjórnendum og vinna áfram með það, sjá lið 10.
Ábyrgð: HÞ
- Skipuleggja þarf fund með Lífsbrú, sjá lið 11.
Ábyrgð: ÍDH

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:20.